



Umbótaáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

í kjölfar ytra mats vorið 2019



Inngangur



Umbótaáætlun þessi er unnin í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjörð vorið 2019. Við ytra matið voru teknir fyrir þrjú fyrirfram ákveðnir matsþættir, stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Umbótaáætlunina unnu stjórnendur skólans; Hildur Sæbjörg Jónsdóttir og Ingibjörg Thomsen auk Ruthar Margrétar Friðriksdóttur kennara og Sigríðar Jónu Gunnarsdóttur sérkennara. Byggt var á upplýsingum úr skýrslu Sigríðar Sigurðardóttur og Ingibjargar Ingu Guðmundsdóttur matsaðila sem birt var í apríl 2019. Í skýrslunni eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta sem fjallað er um í þessari áætlun. Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum og eru tillögurnar til úrbóta settar fram í sömu röð og þær koma fyrir í skýrslunni. Starfsfólk Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina sem er einkar gagnleg fyrir skólastarfið og gerir okkur kleift að gera gott skólastarf enn betra.

Umbótaáætlun vegna ytra mats á Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði



Stjórnun og fagleg forysta

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili/ar	Tímaáætlun/lok	Hvernig/hvenær mælt
Samvirkni í stefnumótun					
Endurskoða skólanámskrá og gæta þess að hún sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.	Skólanámskráin lesin yfir og atriði sem þarfnast lagfæringar í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og lög og reglugerðir lagfærð.	Skólanámskráin sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.	Stjórnendur.	Vinna hafin og heldur áfram út skólaárið 2020–2021.	Lokið/ólokið.
Uppfæra starfsáætlun eftir aðalnámskrá grunnskóla, lögum og reglugerðum og gæta þess að allar upplýsingar sem þar koma fram séu réttar.	Starfsáætlun lesin yfir með áherslu á að upplýsingar séu réttar sem og atriði lagfærð í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og lög og reglugerðir. Bæta inn upplýsingum um viðfangsefni innra mats, rýmingaráætlun og kafla um samstarf við aðra skóla.	Starfsáætlunin innihaldi réttar upplýsingar og sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.	Stjórnendur.	Vinna hafin og heldur áfram út skólaárið 2019–2020.	Lokið/ólokið.

Gæta þess að samráð sé haft við alla hagsmunaaðila við stefnumótun og endurskoðun stefnu og skólanámskrár.	Barnaskólinn starfar eftir skýrri og fullmótaðri stefnu Hjallastefnunnar sem starfsfólk velur að starfa eftir og foreldrar velja fyrir börnin sín. Henni verður ekki breytt með innri stefnumótun innan skólans. Endurskoðuð skólanámskrá borin undir skólaráð þegar hún er tilbúin.	Endurskoðuð skólanámskrá borin undir skólaráð.	Stjórnendur.	Þegar endurskoðun skólanámskrár er lokið á skólaárinu 2020–2021.	Lokið/ólókið.
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu					
Skrá samstarf við aðra grunnskóla.	Kafla um samstarf við leikskólann Hjalla og aðra grunnskóla við skólaskil bætt inn í starfsáætlun skólans.	Kafla um samstarf við aðra skóla birtur í starfsáætlun skólans.	Stjórnendur.	Vinna hafin og heldur áfram út skólaárið 2019–2020.	Lokið/ólókið.
Virkja skólaráð betur í stefnumótun, ráðið ætti að setja sér starfsreglur og vinnureglur og halda opinn fund fyrir skólasamfélagið samkvæmt reglugerð.	Barnaskólinn starfar eftir skýrri og fullmótaðri stefnu Hjallastefnunnar sem starfsfólk velur að starfa eftir og foreldrar velja fyrir börnin sín. Henni verður ekki breytt með innri stefnumótun innan skólans. Skólaráð setur sér starfsreglur og vinnureglur og tekur virkari þátt á foreldraráðsfundi að hausti.	Skólaráð taki virkari þátt á foreldraráðsfundi að hausti, setji sér viðeigandi reglur og starfi samkvæmt reglugerð.	Stjórnendur og skólaráð.	Aukin aðkoma skólaráðsins að foreldraráðsfundi var rædd á skólaráðsfundi í maí 2019 og hefst þegar haustið 2019. Starfs- og vinnureglur skólaráðs tilbúnar haustið 2019.	Meta eftir foreldraráðsfund haustið 2019 hvernig til tókst. Starfs- og vinnureglur skólaráðs metið lokið/ólókið.

Umbætur og innleiðing breytinga					
Skrá framgang þróunarverkefna.	Framgangur þróunarverkefna skráður í innramats skýrslu skólans ár hvert.	Kafla um framgang þróunarverkefna birtur í skýrslu um innra mat skólans.	Stjórnendur.	Vinna hafin og skráð hér eftir.	Lokið/ólókið.
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir					
Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins; nemendur, foreldrar og starfsmenn, komi að endurskoðun skólareglna/meginreglna.	Barnaskólinn starfar eftir skýrri og fullmótaðri stefnu Hjallastefnunnar sem virkar. Starfsfólk velur að starfa eftir þessum meginreglum og foreldrar velja skólann fyrir börnin sín vitandi hverju þeir ganga að. Sjá til þess að allir séu vel upplýstir um meginreglur skólans.	Allir séu vel upplýstir um meginreglur skólans og hverju við stöndum fyrir.	Stjórnendur.	Kynnt vel að vori fyrir nýjum foreldrum og starfsmönnum.	Er lokið.
Starfsmannastjórnun og verkaskipting					
Stjórnendur fylgist markvisst og formlega með námi og kennslu og veita kennurum endurgjöf.	Setja upp gátlista við mat á námi og kennslu sem stjórnendur nýta til að fylgjast með námi og kennslu og veita kennurum endurgjöf.	Gátlisti við mat á námi og kennslu fyrir stjórnendur tilbúinn til notkunar og nýttur af stjórnendum.	Stjórnendur.	Gátlisti settur upp vorið 2019. Tekinn í gagn við skólaárið 2019–2020.	Lokið/ólókið. Endurmeta gátlistann við lok skólaárs 2019–2020.
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna					
Huga að því í samráði við börnin hvort auka þurfi matarskammtinn í hádeginu.	Tekið hefur verið tillit til þessarar athugasemdar og matur er nú aftur eldaður á staðnum eftir tímabil þar sem hann var sendur til skólans.	Nemendur fá hæfilega stóra matarskammta í hádegismat.	Stjórnendur.	Hefur þegar verið gert vorið 2019.	Er lokið.

Nám og kennsla

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili/ar	Tímaáætlun/lok	Hvernig/hvenær mælt
Inntak og námskrá					
Í námsvísun/námskrám hópa, sem kallast kjarnanámskrár í skólanum, ættu að koma fram upplýsingar um viðfangsefni, kennslu-aðferðir, námsgögn, námsmat og námsaðlögun ásamt hæfniviðmiðum fyrir allar námsgreinar. Þessar námskrár eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu.	Endurskoða kjarnanámskrár og upplýsingar um viðfangsefni, kennslu-aðferðir, námsgögn, námsmat og námsaðlögun ásamt því að uppfæra hæfniviðmið fyrir allar námsgreinar. Birt á heimasíðu.	Allar kjarnanámskrár uppfærðar og komnar á heimasíðu skólans.	Stjórnendur.	Vinna hefst haustið 2019. Lokið eins fljótt og auðið er á skólaárinu 2020–2021.	Lokið/ólókið.
Gæði kennslu					
Tilgreina markmið allra námsgreina í kennsluáætlunum.	Kennarar setja inn markmið fyrir allar námsgreinar í kennsluáætlanir.	Markmið allra námsgreina tilgreind í kennsluáætlunum í hverri viku.	Umsjónar-kennarar.	Rætt á starfsmannafundi í apríl 2019.	Er lokið.
Gæta að því að námstími nemenda sé vel nýttur í löngum lotum, sérstaklega þegar líður á daginn.	Brjóta upp kennsluna í lengri lotum. Skipuleggja inntak námsins þannig að það henti hverjum nemendahópi sem best. Kennarar rýna sífellt í eigið starf með umbætur að leiðarljósi.	Námstími í lotum sé ávallt skipulagður þannig að tíminn nýtist nemendum sem best.	Kennarar.	Tekið fyrir á starfsmannafundi í apríl 2019. Kennarar viðhalda góðri nýtingu á námstíma.	Er lokið.

Skipulag náms					
Setja fram í skólanámskrá hvernig viðmiðunarstundaskrá er framfylgt í íþróttum. Tengja þarf jógakennsluna markvisst við kaflann um íþróttir í aðalnámskrá, setja fram markmið og hæfniviðmið.	Uppfæra íþróttakafla í skólanámskrá.	Uppærður kafli í skólanámskrá birtur á heimasíðu skólans.	Stjórnendur.	Uppfært fyrir skólanámskrá 2020–2021.	Lokið/ólókið.
Setja fram í skólanámskrá hvernig viðmiðunarstundaskrá er framfylgt í list- og verkgreinum sem kenndar eru í smiðjum.	Uppfæra list- og verkgreinakafla í skólanámskrá.	Uppærður kafli í skólanámskrá birtur á heimasíðu skólans.	Stjórnendur.	Uppfært fyrir skólanámskrá 2020–2021.	Lokið/ólókið.
Gera þarf ráð fyrir þeim tíma sem fer í akstur í íþróttir og göngu í sund í stundaskrá og gæta þess að námstími nemenda skerðist ekki, hvorki í íþróttum né öðrum greinum.	Uppfæra viðmiðunarstundaskrá í skólanámskrá sem stundarskrár taka mið af. Í viðmiðunarstundarskrá er gert ráð fyrir 32 stunda kennsluviku en verður hér eftir 31 þar sem ein stund fer í ferðir.	Uppærður kafli í skólanámskrá birtur á heimasíðu skólans og stundarskrár taka mið af.	Stjórnendur.	Uppfært í skólanámskrá vor 2019.	Er lokið.

<p>Nýta spjaldtölvur/ upplýsingatækni betur í námi nemenda.</p>	<p>Þegar úttektin var gerð voru smiðjur í gangi og því ekki mikið um spjaldtölvunotkun. Spjaldtölvur og upplýsingatækni eru nú þegar hluti af námi í Barnaskólanum. Spjaldtölvur eru m.a. nýttar til gagnaöflunar í þema- verkefnum, gagnvirkar æfingar eru nýttar bæði í íslensku og stærðfræði sem og ýmis öpp sem skólinn hefur fjárfest í.</p>	<p>Gæta þess að viðhalda spjaldtölvunotkun og kennslu í upplýsingatækni án þess að skjátími nemenda verði of mikill.</p>	<p>Kennarar.</p>	<p>Rætt á starfsmannafundi í apríl 2019. Kennarar rýna reglulega yfir allt skólaárið í eigið starf með umbætur að leiðarljósi þar á meðal spjaldtölvunotkun og upplýsingatækni.</p>	<p>Er lokið.</p>
<p>Gæta þess að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum bókum og námsgögnum og nýti þau.</p>	<p>Nemendur hafa nú þegar aðgang að fjölbreyttum bókum og námsgögnum sem henta 5 til 10 ára nemendum og eru nýtt eftir þörfum. Færa náttúrufræðigögn á hentugri stað þar sem auðveldara er að ná í þau. Sjá til þess að gögn séu yfirfarin að vori/hausti og endurnýjuð eftir þörfum.</p>	<p>Náttúrufræðigögn orðin aðgengilegri. Námsgögn uppfærð reglulega.</p>	<p>Stjórnendur og kennarar.</p>	<p>Náttúrufræðigögn gerð aðgengilegri vorið 2019. Yfirfarið árlega við lok eða upphaf skólaárs.</p>	<p>Er lokið.</p>
<p>Vinna áfram í að taka saman námsefni í stærðfræði og öðrum fögum og gera aðgengilegra fyrir kennara.</p>	<p>Taka saman námsefni í stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði. Setja í námsefnisskapa.</p>	<p>Tilbúið efni til í námsefnisskápum í sameiginlegu starfsmannarými.</p>	<p>Kennarar.</p>	<p>Vinna hafin og unnið áfram á starfsdögum eftir að skóla lýkur vorið 2019.</p>	<p>Er lokið.</p>

Innra mat

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili/ar	Tímaáætlun/lok	Hvernig/hvenær mælt
Skipulag					
Æskilegt væri að matsteymi, með fulltrúum allra hagsmunaaðila, sæi um skipulag og framkvæmd innra mats.	Skólaráð upplýst og geti haft eitthvað um matið að segja bæði hvað varðar skipulag og framkvæmd.	Innra mat rætt árlega á skólaráðsfundi að hausti.	Stjórnendur.	Skólaráð upplýst á fundi haustið 2019 og framvegis eftir það.	Lokið/ólokið.
Vinna þarf nákvæma áætlun um innra mat fyrir skólaárið út frá raunhæfni og virkri langtímaáætlun.	Innra mat skólans tekið til ítarlegrar endurskoðunar með hliðsjón af tækifærum til umbóta sem komu fram í ytra mati sem framkvæmt var á vorönn 2019. Langtímaáætlun yfirfarin og lagfærð.	Innra mat skólans sé í fullu samræmi við skólanámskrá og starfsáætlun skólans sem og aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir. Birt í innra matsskýrslu.	Stjórnendur.	Vinna hafin. Langtímaáætlun tilbúin fyrir áramót 2019 og birt í innra matsskýrslu skólans í lok skólaársins 2019–2020.	Lokið/ólokið.
Velja matsþætti úr frá stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.	Innra mat skólans tekið til ítarlegrar endurskoðunar með hliðsjón af tækifærum til umbóta sem komu fram í ytra mati sem framkvæmt var á vorönn 2019. Matsþættir valdir af kostgæfni út frá stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.	Matsþættir innra mats skólans séu í fullu samræmi við skólanámskrá og starfsáætlun skólans sem og aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir. Birt í innra matsskýrslu.	Stjórnendur.	Vinna hafin og heldur áfram út skólaárið 2019–2020.	Lokið/ólokið.

Markvisst þarf að meta markmið skólans og setja viðmið um árangur.	Þegar matsþættir hafa verið endurskoðaðir verða viðmið um árangur jafnframt endurskoðuð og tilgreindar þær leiðir sem farnar verða til að meta markmið skólans á markvissan hátt.	Viðmið um árangur skólans séu skýr sem og leiðir til að meta hvernig til tekst að ná þeim. Tilgreint í innra matsskýrslu.	Stjórnendur.	Vinna hafin og heldur áfram út skólaárið 2019–2020.	Lokið/ólokið.
Framkvæmd					
Byggja innra matið upp á fjölbreyttri gagnaöflun, eigindlegri og megindlegri.	Innra mat skólans er í þróun. Næsta skref er að fara í stefnumótun varðandi hvernig gagna verður aflað með fjölbreyttari hætti fyrir innra mat frá og með skólaárinu 2019–2020.	Fjölbreyttari gagnaöflun komin í gagnið. Gagna aflað með bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum svo innra mat skólans sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir. Aðferðir tilgreindar í innra matsskýrslu.	Stjórnendur.	Er í þróun og heldur áfram út skólaárið 2019–2020.	Lokið/ólokið.
Meta kennslu og fagmennsku kennara formlega.	Setja upp gátlista við mat á námi og kennslu sem stjórnendur nýta til að fylgjast með námi og kennslu og veita kennurum endurgjöf.	Gátlisti við mat á námi og kennslu fyrir stjórnendur tilbúinn til notkunar og nýttur af stjórnendum. Gátlisti birtur í innra matsskýrslu.	Stjórnendur.	Gátlisti settur upp vorið 2019. Tekinn í gagnið skólaárið 2019–2020.	Lokið/ólokið. Endurmeta gátlistann við lok skólaárs 2019–2020.

Setja niðurstöður á mati á námi, framförum og árangri nemenda fram í matsskýrslu.	Árangur á skimunarprófum og samræmdum prófum skoðaður og greindur sérstaklega og niðurstöður settar fram í innra matsskýrslu skólans.	Niðurstöður á mati á námi, framförum og árangri nemenda komnar í innra matsskýrslu.	Stjórnendur.	Vinna þegar hafin. Lokið haust 2019.	Lokið/ólókið.
Umbætur					
Greina niðurstöður úr innra mati í styrkleika og tækifæri til umbóta og setja fram í matsskýrslu.	Setja fram sérstakan kafla eða nokkra undirkafla í innra matsskýrslu skólans þar sem dregnar eru saman niðurstöður úr innra mati og þær aðgreindar í styrkleika og tækifæri til umbóta.	Niðurstöður úr innra mati settar fram á skýran hátt í innra matsskýrslu skólans þar sem sést hvar styrkleikar og tækifæri til umbóta liggja. Birt í innra matsskýrslu.	Stjórnendur.	Vinna þegar hafin. Lokið haust 2019.	Lokið/ólókið.
Vinna þarf umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta á þann hátt sem lagður hefur verið grunnur að í nýjustu matsskýrslu skólans.	Innra mat skólans tekið til ítarlegrar endurskoðunar með hliðsjón af tækifærum til umbóta sem komu fram í ytra mati sem framkvæmt var á vorönn 2019. Þar á meðal umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta.	Umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta tilbúin og birt í innra matsskýrslu skólans.	Stjórnendur.	Vinna þegar hafin. Lokið haust 2019.	Lokið/ólókið.
Endurskoða matsskýrslu, stytta og taka út úreltar og óþarfa upplýsingar.	Matsskýrsla tekin til gagngerar endurskoðunar og uppfærð í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.	Endurskoðuð og uppfærð innra matsskýrsla birt á heimasíðu skólans.	Stjórnendur.	Vinna þegar hafin. Lokið haust 2019.	Lokið/ólókið.